

Skref fyrir skref

Grunur um eineltismál kemur upp, tilkynning berst til umsjónarkennara eða skólastjóra sem skráir nákvæmlega niður eftir þeim sem tilkynnir (fer eftir gátlista úr handbók um öryggi og velferð nemenda)



Umsjónarkennari aflar upplýsinga og gangsetur vöktun hjá starfsfólki skólans og foreldrum samdægurs



Grunur um einelti staðfest?



Já

Umsjónarkennari tekur viðtal við þolanda og við geranda.

Umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn þeirra sem koma að málinu og boðar þá á fund í skóla.

Metið er hvort við hæfi sé að nemendur séu með



Unnið að málinu í samvinnu við þolanda, geranda, forráðamenn og starfsfólk skólans samkvæmt gátlista frá menntamálaráðuneyti. Sameiginlegir fundir og leitað leiða til úrbóta.



Nei

Fundur með forráðamönnum í skólanum. Máli lokið en vakandi auga haft með þolanda og geranda.



Málið metið vikulega í 4 vikur; er einelti enn í gangi?



Já

Viðtal við þolanda, viðtal við geranda. Samband haft við forráðamenn þeirra og þeir boðaðir á fund.

Umsjónarkennari fundar með starfsfólki.



Áframhaldandi viðtöl við þolanda, geranda, forráðamenn. Kallað eftir aðstoð eftir þörfum í samráði við þá sem að málinu koma .



Nei

Málinu lýkur með formlegum hætti. Áframhaldandi vakandi auga með málsaðilum.

Að laga samskipti og brjóta upp samskiptamynstur getur tekið langan tíma, jafnvel upp undir 6 mánuðir geta líðið áður en merki um að samskipti séu í komin í góðan farveg séu greinileg. Þolandi og gerandi þurfa ráðgjöf og stuðning frá starfsfólki og foreldrum á meðan á þessu stendur og mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir því að þetta er sameiginlegt verkefni þeirra sem að koma, einnig þarf að virkja bekkinn eða hópinn til að standa saman að því að líða ekki einelti. Allir fundir fara fram í skóla, forðast skal að halda símafundi gildir það einnig í upphafi máls og við lok þess.

Fagráði í eineltismálum er strafandi á vegum menntamálaráðuneytisins. Eftir að skólinn hefur leitað lausna og aðstoðar sérfræðinga t.a.m. á vegum Skólaskrifstofu eða sveitarfélags án árangurs er mögulegt að leita til þessa fagráðs.